

## Brú Lífeyrissjóður


# Leiðbeiningar fyrir veitingu umboðs Launagreiðendavefur

Prókúruhafar geta veitt einstaklingum umboð til að sjá um málefni lögaðila á launagreiðendavef Brúar Lífeyrissjóðs.

Til að gera það er farið á vefslóðina:

<https://login.signet.is/Home/Form/17>

Umboðsveitandi skráir sig inn með rafrænum skilríkjum.



Eftir innskráningu birtist valmynd þar sem hægt er að veita einstaklingum aðgang að launagreiðendavef Brúar Lífeyrissjóðs fyrir hönd lögaðila.

### Félag

Í reitnum „Félag“ birtist listi yfir þau félög sem notandinn hefur prókúru fyrir. Veljið félagið sem á að veita umboð fyrir.

### Umboðshafi

Settu kennitölu þess sem á að fá aðgang að vef Brúar Lífeyrissjóðs inn í reitinn „Umboðshafi“

### Fyrir hönd

Kerfið skráir sjálfkrafa inn í reitinn „Fyrir hönd“ kennitölu þess félags, sem er valið í „Félag“

### Gildir til

Setjið dagsetningu í reitinn „Gildir til“ sem tilgreinir hversu lengi umboðshafi á að hafa aðgang að vefnum, t.d. tveimur árum frá deginum í dag.

### Vista form:

Eftir að hafa fyllt út upplýsingar um „Félag“, „Umboðshafi“, „Fyrir hönd“ og „Gildir til“, skal smella á hnappinn „Vista form“.

## Dæmi um útfyllt form

### Launafulltrúi

Umboð fyrir vef Brú Lífeyrissjóður

Félag:

Advania Ísland ehf.

Veldur lögaðila

Umboðshafi

0101307789

Gervimaður útlönd

Fyrir hönd

5902697199 - Advania Ísland ehf.

Gildir til

31.08.2026

Kennitala þess sem  
á að fá aðgang


Vista form

Veldu hve lengi  
umboðið á að gilda

Eftir að ýtt hefur verið á „Vista form“ birtist mynd þar sem hægt er að fara yfir og staðfesta umboðsveitinguna



Þegar smellt er á „Staðfesta“, fer vinnsla af stað þar sem umboðið er smíðað og umboðsskjal innsiglað.



Þegar umboðið hefur verið smíðað birtist mynd sem staðfestir umboðið. Ef veita á fleiri einstaklingum umboð er smelt á „Veita annað umboð“.

## Upplýsingar um umboð

Umboðsveitandi: 2804683399 : Sigurður Másson

Umboð fyrir: 5902697199 : Advania Ísland ehf.

Umboðshafi: 0101307789 : Gervimaður útlönd


Stofnað: 20.8.2024 20:57:46

### Umboð er tilbúið

[Heim](#)[Veita annað umboð](#)[Sækja](#)


## Innskráning á launagreiðendavef Brúar Lífeyrissjóðs

Notendur sem hafa fengið aðgang að Launagreiðendavef hjá Brú Lífeyrissjóður geta skráð sig inn í vefinn með því að fara á vefslóðina: <https://www.lifbru.is> og velja þar **launagreiðendavefur** efst til hægri á forsíðunni.




Þá er notandinn sendur á valmynd, þar sem hann auðkennir sig með rafrænum skilríkjum

Smellið hér til að skrá ykkur inn.



Að auðkenningu lokinni er kannað hvort viðkomandi notandi hafi skráð umboð. Ef notandinn hefur engin skráð umboð, skráist hann inn á vefinn án umboðs. Hafi viðkomandi notandi skráð umboð, þá birtist gluggi með lista yfir þau umboð sem notandinn hefur. Notandinn merkir við línu þess fyrirtækis sem viðkomandi vill skrá sig inn í umboði fyrir. Að því loknu er smellt á "Áfram".

Ef notandinn velur að skrá sig inn án umboðs, er hann skráður inn á sinn eigin aðgang í stað þess að skrá sig inn fyrir hönd þess aðila sem hann er með umboð fyrir.



Gildir til	Heiti	Fyrir hönd	Gildi
<input checked="" type="checkbox"/>	2026-07-31	Launafulltrúi	2804683399
<input type="checkbox"/>	-- Skrá inn án umboðs --		

Og þá birtist launagreiðendavefur Brúar Lífeyrissjóðs.